



## Norðurslóðaáætlunin (NPA) 2014-2020

Á fyrsta umsóknarfresti bárust 20 verkefnaumsóknir og þar af 15 með íslenskum þátttakendum. Í lok apríl 2015 samþykkti stjórn NPA stuðning við 13 verkefni og þar af átta með íslenskum þátttakendum.

### **Smart Labels for High-quality Products: Smart Fish**

Samstarfsverkefni Norður-Írlands, Finnlands og Íslands um þróun og hagnýtingu snjallstrikamiða sem tryggja rekjanleika matvæla frá framleiðanda til neytanda. Íslenski þátttakandinn er Háskóli Íslands sem fer með verkefnisstjórn. Styrkur til verkefnisins er 647.896 evrur en heildarkostnaður er 1.294.019 evrur. Verkefnistími: 01.06. 2015-31.05. 2018

Heimasíða: <http://smart-fish.eu/>

### **Northern Cereals - New Markets for a Changing Environment: CEREAL**

Samstarfsverkefni Íslands, Skotlands, Færeyja og Kanada um ræktun korns til drykkja- og matvælaframleiðslu á norðurslóðum í samstarfi við bændur. Markmiðið er að auka vermæti kornafurða, stuðla að framleiðslu nýrra afurða og kornræktar á nýjum svæðum. Áhersla er lögð á miðlun þekkingar á milli svæða, að auka fóður- og matvælaframleiðslu og styrkja búsetu í dreifbýli. Íslensku þátttakendurnir eru Landbúnaðarháskóli Íslands og Matís sem fer með verkefnisstjórn. Styrkur til verkefnisins er 464.484 evrur en heildarkostnaður er 833.802 evrur.

Verkefnistími: 01.06. 2015-31.05. 2018.

Heimasíða: <http://cereal.interreg-npa.eu/>

<https://www.facebook.com/groups/882491178454793/?fref=ts>

### **Utilisation of the Arctic Sea Urchin Resource: URCHIN**

Samstarfsverkefni Íslands, Noregs og Skotlands um þróun nýrra aðferða við veiðar og nýtingu ígulkeru. Íslensku þátttakendurnir eru Matís, Hafrannsóknarstofnun og Þórisólmi. Styrkur til verkefnisins er 448.046 evrur en heildarkostnaður er 874.080 evrur.

Verkefnistími: 01.05. 2015-30.04. 2018.

Heimasíða: <http://urchinproject.com/>

### **Creative Momentum**

Samstarfsverkefni Írlands, Norður-Írlands, Skotlands, Finnlands og Íslands um eflingu skapandi greina og menningastarfs á norðlægum slóðum. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á menningu og skapandi greinum innanlands og erlendis. Tengja fyrirtæki í skapandi greinum saman og skapa ný viðskiptatækifæri. Hvetja til þróunar á nýjum vörum og þjónustu með samstarfi og aukinni viðskiptafærni. Haldnir verða fræðslu- og tengslaviðburðir. Íslenski þátttakandinn er Menningarráð Eyþings. Styrkur til verkefnisins er 1.250.623 evrur en heildarkostnaður er 1.949.628 evrur.

Verkefnistími: 11.05. 2015-10.05. 2018.

Heimasíða: [www.mycreativeedge.eu](http://www.mycreativeedge.eu)



### **Reuniting our Geological Heritage: Drifting Apart**

Samstarfsverkefni Íslands, Norður-Írlands, Noregs, Skotlands, Rússlands og Kanada um eflingu og uppbyggingu jarðvanga í tengslum við sjálfbæra ferðaþjónustu, eflingu rannsókna og fræðslu um jarðfræði jarðvanga. Unnið verður námsefni fyrir grunn- og framhaldsskóla og haldnir fræðslufundir fyrir ferðaþjónustuaðila og leiðsögumenn um jarðfræði jarðvanga. Íslenski aðilinn er Reykjanes jarðvangur í samstarfi við Saga jarðvang í Borgarnesi og Háskólafélag Suðurlands. Styrkur til verkefnisins er 1.037.265 evrur en heildarkostnaður er 1.660.998 evrur.

Verkefnistími: 01.05. 2015-30.04. 2018.

Heimasíða: <http://driftingapart.ccght.org/> [www.facebook.com/drifttingaparteu](http://www.facebook.com/drifttingaparteu)

### **Craft Reach:**

Samstarfsverkefni Íslands, Noregs, Færeyja, Norður-Írlands, Írlands og Kanada. Markmið verkefnisins er að efla útflutning og stuðla að frumkvöðlastarfsemi meðal handverksfólks í dreifbýli. Íslenski þátttakandinn er Matís. Styrkur til verkefnisins er 956.239 evrur, heildarkostnaður er 1.640.524.

Verkefnistími: 13.04. 2015-12.04. 2018.

Heimasíða: <https://www.economusee.eu/>

### **Involving the Community to co-produce Public Services: IMPROVE**

Samstarfsverkefni Íslands, Norður-Írlands, Svíþjóðar, Finnlands og Noregs. Markmið verkefnisins er að auka nýsköpun með tæknidrifnum lausnum í opinberri stjórnsýslu og auka íbúalýðræði. Í íslenska hluta verkefnisins er lögð áhersla á að efla rafræna þjónustu tengda skipulags- og umhverfismálum með gagnvirkri íbúagátt. Borgarbyggð og Háskólinn á Bifröst taka þátt í verkefninu. Styrkur til verkefnisins er 895.174 evrur en heildarkostnaður er 1.431.388 evrur.

Verkefnistími: 01.05. 2015-30.04. 2018.

Heimasíða: <http://improve.interreg-npa.eu/>

### **Slow Adventure in Northern Territories: SAINT**

Samstarfsverkefni Íslands, Skotlands, Norður-Írlands, Svíþjóðar, Írlands, Finnlands og Noregs um markaðsgreiningu, þekkingarmiðlun um „yndis“ ævintýraferðir. Íslensku þátttakendurnir eru Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Höfn og Rannsóknarmiðstöð ferðamála. Styrkur til verkefnisins er 1.054.390 evrur en heildarkostnaður er 1.701.558 evrur.

Verkefnistími: 13.04. 2015-12.04. 2018.

Heimasíða: <http://saintproject.eu/>

**Á öðrum umsóknarfresti** bárust 14 verkefnaumsóknir og þar af sjö með íslenskum þátttakendum. Í júní 2015 samþykkti stjórn NPA stuðning við sex verkefni og þar af tvö með íslenskum þátttakendum.

### **Generating Renewable Energy Business Enterprise: GREBE**

Samstarfsverkefni Írlands, Norður-Írlands, Finnlands, Noregs og Íslands um áskoranir og tækifæri í sjálfbærri orkuframleiðslu á norðlægum svæðum. Verkefnið mun standa að nýjum þróunarverkefnum, tengslamyndun og ráðgjafathjónustu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki innan orkugeirans. Íslenski þátttakandinn er Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Styrkur til verkefnisins er 1.079.174 evrur en heildarkostnaður er 1.775.673 evrur.



Verkefnistími: 01.09. 2015-31.08. 2018.

Heimasíða: <http://grebeproject.eu/>

### **Recruit and Retain 2: Making it Work:**

Samstarfsverkefni Skotlands, Svíþjóðar, Kanada, Noregs og Íslands. Markmið verkefnisins felst m.a. í að leita lausna á viðvarandi erfiðleikum sem felast í því að ráða og halda í heilbrigðisstarfsfólk í dreifbýli. Íslenski þátttakandinn er Sjúkrahúsið á Akureyri. Styrkur til verkefnisins er 1.237.970 evrur en heildarkostnaður er 1.983.874 evrur.

Verkefnistími: 01.02. 2016-30.04. 2019.

Heimasíða: <http://makingitwork.eu/>

**Á þriðja umsóknarfresti** bárust 12 verkefnaumsóknir og þar af fimm með íslenskum þátttakendum. Í febrúar 2016 samþykkti stjórn NPA stuðning við fimm verkefni og þar af þrjú með íslenskum þátttakendum.

### **Northern Runoffs into Profits: WaterPro**

Samstarfsverkefni Finnlands, Svíþjóðar, Norður-Írlands, Írlands, Skotlands, Færeyja og Íslands. Verkefnið leitar lausna við að draga úr áhrifum mengunar í vötnum og jarðvegi. Þá verður leitað nýrra leiða við að nýta affallsvatn frá landbúnaði og námum. Sameiginleg áskorun svæðanna er að draga úr mengun af völdum efna frá landbúnaði og námavinnslu. Markmiðið er að taka saman og aðlaga tiltækar aðferðir til stýringar á afrennsli á strjálbýlum svæðum, sem oft eru án rafmagns og vöktunar á vatnsgæðum. Íslenski er Landbúnaðarháskóli Íslands. Styrkur til verkefnisins er 1.192.756 evrur en heildarkostnaður er 1.992.726 evrur.

Verkefnistími: 01.06. 2016-31.05. 2019.

Heimasíða: [www.water-pro.eu](http://www.water-pro.eu)

[www.facebook.com/pg/waterproproject/about](https://www.facebook.com/pg/waterproproject/about)

### **Building shared knowledge capital to support natural resource governance in the Northern periphery: BUSK**

Samstarfsverkefni Finnlands, Írlands, Svíþjóðar, Noregs, Færeyja, Grænlands og Íslands. Verkefnið nýtir skipulagsverkfærið PPGIS (Public Participatory Geographical Information System) við ákvarðanatökur um landsskipulag og nýtingu náttúruauðlinda. Áhersla er lögð á að nýta staðbundna þekkingu í samvinnu við stjórnvöld, landeigendur og hagsmunaðila. Íslenski þátttakandinn er Háskóli Íslands. Samstarfsaðilar eru frá: Vatnajökulsþjóðgarði, Sveitarfélaginu Hornafirði, Skaftárhreppi, Kirkjubæjarstofu og Náttúrustofu Suðausturlands. Styrkur til verkefnisins er 1.193.797 evrur en heildarkostnaður er 1.903.536 evrur.

Verkefnistími: 01.06. 2016-31.05. 2019.

Heimasíða: <https://www.luke.fi/busk/>

### **Apply skills and conserve our environment with new tools: ASCENT**

Samstarfsverkefni Írlands, Noregs, Norður-Írlands, Finnlands og Íslands sem tekst á við aðferðafræði, skipulag, verkferla og úrbætur í landgræðslu. Þróaðar verða aðferðir til að draga úr skemmdum á fjölsóttum svæðum. Komið verður af stað sjálfbærum lausnum við umhverfisstjórnun fyrir fjallendi í samstarfslöndunum. Kannaðar verða nýjar hugmyndir til að ná jafnvægi á fjölsóttum ferðamannastöðum



með samfélagslega hagsmuni og þarfir náttúrunnar og umhverfisins að leiðarljósi. Kannaðar verða nýjar leiðir til að takast á við vandamál hvers svæðis og þróa áhættuvísa og byggja upp þekkingu á áhrifum ferðamanna á umhverfið og hanna lausnir og aðferðir sem draga úr skaða. Fræða þá sem koma að málum og auka þekkingu, skilning og getu til vandaðra úrbóta. Íslenski þátttakandinn er Landgræðsla ríkisins í samstarfi við Skaftárhrepp og Mosfellsbæ. Styrkur til verkefnisins er 1.017.393 evrur en heildarkostnaður er 1.659.253 evrur.

Verkefnistími: 01.05. 2016 - 31.08. 2018.

Heimasíða: [www.ascent-project.eu](http://www.ascent-project.eu)

<https://www.facebook.com/AscentProjectNPA/>

**Á fjórða umsóknarfresti** bárust 37 verkefnaumsóknir og þar af 23 með íslenskum þátttakendum. Í mars 2017 samþykkti stjórn NPA stuðning við tíu verkefni og þar af sex með íslenskum þátttakendum.

#### **Platforms for Ageing Community Engagement, Exchange and Enterprise: PLACE-EE**

Samstarfsverkefni Íslands, Norður-Írlands, Írlands og Svíþjóðar. Íslenski þátttakandinn er Fjarðabyggð. Verkefninu er stýrt af Ulster University á Norður-Írlandi. Meginmarkmið verkefnisins er að bæta lífsgæði eldri íbúa m.a. með því að auka þekkingu í upplýsingatækni, einfalda þjónustuform og byggja upp sjálfstraust varðandi notkun á rafrænni heilbrigðisþjónustu. Styrkur til verkefnisins er 1.135.682 evrur en heildarkostnaður er 1.747.089 evrur.

Verkefnistími: 03.04. 2017-31.03. 2020.

Heimasíða: <http://place-ee.interreg-npa.eu/contact/>

<https://www.facebook.com/PlaceeeNPA/>

#### **Micro Combined Heat and Power System for Households: H-CHP**

Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Skotlands, Svíþjóðar og Írlands. Íslenski þátttakandinn er Háskóli Íslands. University of Oulu í Finnlandi stýrir verkefninu. Markmið verkefnisins er að bæta orkunýtni á heimilum með gösun lífrænna úrgangsefna s.s. heimilissorp og pappír. Styrkur til verkefnisins er 1.047.369 evrur en heildarkostnaður er 1.993.257 evrur.

Verkefnistími: 01.05. 2017-30.04. 2020.

Heimasíða: <http://h-chp.interreg-npa.eu/>

#### **Connected Culture and Natural Heritage in the Northern Environment: CINE**

Samstarfsverkefni Íslands, Noregs, Skotlands og Írlands. Í verkefni eru tveir íslenskir þátttakendur Gunnarstofnun á Skriðuklaustri og Locatify. Verkefnisstjórnin er norskur og starfar á Museum Nord. Verkefnið snýst um að búa til og prufukeyra fjölbæfa verkfærakistu með tæknilausnum og fræðsluefni sem nýtist söfnum, þjóðgörðum, minjastofnunum, sveitarfélögum, skipulagsyfirlöndum, ferðaþjónustuaðilum, skólum og fleirum til að vinna betur að verndun, miðlun og þróun náttúru- og menningararfs. Nýjustu tæknilausnir verða nýttar til að varpa ljósi á fortíð og framtíð með sýndarveruleika. Menningararfurinn verður skrásettur með 360° myndum og nýrra leiða leitað til að tengja margvíslegar upplýsingar sem liggja í gagnagrunnum og virkja efnið fyrir ólíka hagsmunaaðila og ólík verkefni. Styrkur til verkefnisins er 1.136.592 evrur en heildarkostnaður er 1.999.709 evrur.

Verkefnistími: 01.04. 2017-31.03. 2020.

Heimasíða: <http://cine.interreg-npa.eu/>



### **Sustainable Heritage Areas: Partnerships for Ecotourism: SHAPE**

Samstarfsverkefni Íslands, Skotlands, Finnlands, Noregs og Grænlands. Íslenski þátttakandinn er Svæðisgarðurinn Snæfellsnes í samstarfi við Ferðamálasamtök Snæfellsness. University of Highlands and Islands stýrir samstarfinu. Í verkefninu verður lögð áhersla á að byggja upp sjálfbæra þróun menningarsvæða í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila. Styrkur til verkefnisins er 947.752 evrur en heildarkostnaður er 1.523.479 evrur.

Verkefnistími: 01.05. 2017-30.04. 2020.

Heimasíða: <http://shape.interreg-npa.eu/>

### **Adapt Northern Heritage**

Samstarfsverkefni Íslands, Skotlands og Noregs. Íslenski þátttakandinn er Minjastofnun Íslands, Historic Environment í Skotlandi fer með verkefnisstjórnina. Í verkefninu verður unnið að því að aðlaga menningarminjar á norðlægum slóðum að breytingum af völdum hnattrænnar hlýnunar og náttúruvá. Meðal annars verður þróaður hugbúnaður sem mun nýtast við mat á hættum og veikleikum minjasvæða. Hugbúnaðurinn verður leiðbeinandi tæki við áætlanagerð með sjálfbærni að leiðarljósi. Styrkur til verkefnisins er 552.375 evrur en heildarkostnaður er 963.212 evrur.

Verkefnistími: 01.04. 2017-31.03. 2020.

Heimasíða: <http://adaptnorthernheritage.interreg-npa.eu/>

### **Arctic Preparedness Platform for oil spill and other Environmental Accidents: APP4SEA**

Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Noregs og Skotlands. Íslenski þátttakandinn er Háskóli Íslands í samstarfi við starfsmenn Landhelgisgæslunnar. University of Oulu í Finnlandi stýrir verkefninu. Þróaður verður hugbúnaður sem samþættar í rauntíma skipaferðir, veðurfar og hafstrauma. Hugbúnaðurinn verður nýttur til að samþætta viðbragðsáætlanir á NPA svæðinu ef olúmengun og önnur mengunaráhöpp verða á norðurhöfum. Styrkur til verkefnisins er 943.875 evrur en heildarkostnaður er 1.539.064 evrur.

Verkefnistími: 01.04. 2017-31.03. 2020

Heimasíða: <http://app4sea.interreg-npa.eu/>

**Á fimmta umsóknarfresti** bárust 29 verkefnaumsóknir og þar af 17 með íslenskum þátttakendum. Í júní 2018 samþykkti stjórn NPA stuðning við níu verkefni og þar af fimm með íslenskum þátttakendum.

### **Empowering Women Entrepreneurs in Sparsley Populated Communities. W-Power**

Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Skotlands, Írlands og Svíþjóðar. Íslenski er Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Karelia University of Applied Science stýrir verkefninu. Meginmarkmið verkefnisins er að bæta ráðgjafarþjónustu við kvenfrumkvöðla á fámennum svæðum þar sem atvinnulíf er einhæft og neikvæð byggðapróun hefur verið viðvarandi. W-Power beitir ráðgjafa- og stuðningsaðferðum sem sniðnar eru að þörfum kvenfrumkvöðla. Styrkur til verkefnisins er 1.147.837 evrur en heildarkostnaður er 1.820.498 evrur.

Verkefnistími: 01.09. 2018-31.08. 2021

### **BizMentors**

Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Norður-Írlands og Írlands. Íslensku þátttakendurnir eru Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Norðurslóðanetið, í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Eyfirðinga. Verkefnisstjórinn er írskur og starfar hjá Western Development Commission. Verkefnið snýst m.a. um að hanna írsku Bizmentor líkanið á rafrænt form. Í verkefninu felst m.a. að fá leiðbeinendur úr atvinnulífinu sem hafa reynslu af því að reka fyrirtæki til að miðla þekkingu sinni til frumkvöðla og eigenda lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Styrkur til verkefnisins er 813.371 evrur en heildarkostnaður er 1.343.494 evrur.

Verkefnistími: 01.09. 2018-31.08. 2021

### **Digital Access to Markets for Sustainable Rural Business. Digi2Market.**

Auk Íslands eru þátttakendur frá Írlandi, Finnlandi og Norður-Írlandi. Íslenski þátttakendinn er Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vesta (SSNV). Verkefnisstjórinn er írskur og starfar hjá Gaeltach Authority. Meginmarkmið verkefnisins er að þróa stafrænan markaðs- og söluhugbúnaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Styrkur til verkefnisins er 1.122.371 evrur en heildarkostnaður er 1.762.811 evrur.

Verkefnistími: 03.09.2018-30.06. 2021

**Heat and Anaerobic Digestion for District Heating. HANDIHEAT** er samstarfsverkefni Íslands, Norður-Írlands, Skotlands, Finnlands og Írlands. Íslenski þátttakandinn er Austurbrú. Northern Ireland Housing Executive stýrir verkefninu. Í verkefninu verður unnið að þróun verkfæra og lausna til að nýta staðbundnar en ónýttar orkuauðlindir fyrir íbúabyggðir í dreifbýli sem hafa ekki aðgang að hagkvæmri hitaveitu og að því að draga úr brennslu jarðefnaeldsneyta þar sem þau er notuð til kyndingar. Styrkur til verkefnisins er 1.264.049 evrur en heildarkostnaður er 2.015.553 evrur.

Verkefnistími: 01.09. 2018-01.09. 2021.

### **Smarter Renewable Energy and Heating Manager for Arctic and Northern Rural Territories. SMARTrenew.**

Samstarfsverkefni Íslands, Írlands, Finnlands, Noregs, Norður-Írlands og Færeyja. Íslensku þátttakendurnir eru Varmalausnir og Orkusetrið. Verkefnisstjórinn er írskur og starfar hjá Letterkenny Institute of Technology. Meginviðfangsefni verkefnisins er að auka notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum á svæðum þar sem þeirra er mest þörf, bæta orkuöryggi og innleiða snjallar lausnir í orkunýtni. Styrkur til verkefnisins er 991.407 evrur en heildarkostnaður er 1.644.350 evrur.

Verkefnistími: 03.09. 2018-02.09. 2021.

**Á sjötta umsóknarfresti** bárust 25 verkefnaumsóknir og þar af níu með íslenskum þátttakendum. Í mars 2019 samþykkti stjórn NPA stuðning við sex verkefni og þar af þrjú með íslenskum þátttakendum.

**Smart energy management in remote Northern Peripheral and Arctic regions: SMARCTIC** er samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Norður-Írlands, Írlands og Svíþjóðar. Íslenski þátttakandinn er Varmalausnir. Verkefnisstjórinn er írskur og starfar hjá European Regions Network for the Application of Communications Technology. Meginmarkmið verkefnisins er að kynna nýjar heildstæðar tæknilausnir við orkustjórnun og aðferðir sem bæta loftgæði í opinberum byggingum. Styrkur til verkefnisins er 879.396 evrur en heildarkostnaður er 1.404.190 evrur.



**Innovations for Seaweed Producers in the Northern Periphery Area: SW-GROW** er samstarfsverkefni Íslands, Skotlands, Írlands, Svíþjóðar, Færeyja og Grænlands. Íslenski þátttakandinn er Háskóli Íslands. Verkefnisstjórinn er skoskur og starfar hjá Lews Castle College. Meginmarkmið verkefnisins er að efla nýsköpun í vinnslu og ræktun þangs/þara og bæta efnahagsleg tækifæri í þörungaiðnaði með því að þróa nýjar lausnir sem smærri fyrirtæki á norðurslóðum munu eiga auðvelt með að taka upp. Sérþekking samstarfsaðila verður notuð til að tryggja að vinnslan verði sjálfbær, að gott jafnvægi sé á milli villtrar uppskeru og ræktunar, úrgangur minnki með betri vinnsluáðferðum og nýjum úrvinnslumöguleikum og að orkunotkun minnki samhliða betri þurrkunaraðferðum og notkun endurnýjanlegrar orku. Styrkur til verkefnisins er 1.143.540 evrur en heildarkostnaður er 1.839.340 evrur.

**Hydrogen Utilization & Green Energy: HUGE** er samstarfsverkefni Íslands, Skotlands, Írlands, Norður-Írlands, Færeyja og Finnlands. Íslenski þátttakandinn er Íslensk NýOrka. Verkefnisstjórinn er skoskur og starfar hjá North Highland College UHI. Íslenski hluti verkefnisins fjallar m.a. um þróun viðskiptamóðels um orkuskipti í samgöngum. Styrkur til verkefnisins er 1.264.049 evrur en heildarkostnaður er 2.015.553 evrur.